

**Reglur Barnaverndarnefndar Skagafjarðar, sbr, 3. mgr. 14. gr.
barnaverndarlaga nr. 80/2002 um könnun og meðferð mála sem undir hana
heyra, umboð starfsmanna og fleira.**

Reglur þessar eru settar með vísan til 3. mgr. 14. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 ásamt síðari breytingum. Taka þær til þeirra mála sem unnin eru á grundvelli barnaverndarlaga og reglugerðar nr. 56/2004 um málsmeðferð fyrir barnaverndarnefnd.

1. gr.

Barnaverndarnefnd Skagafjarðar sinnir barnaverndarmálum í Akrahreppi og Sveitarfélaginu Skagafirði sbr. 10. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

2. gr.

Starfsmenn Fjölskyldusviðs Sveitarfélagsins Skagafjarðar kanna og fara með einstök barnaverndarmál í umboði Barnverndarnefndar Skagafjarðar undir stjórn félagsmálastjóra.

Með starfsmönnum er hér átt við félagsmálastjóra og félagsráðgjafa; og eftir atvikum aðra fastráðna starfsmenn Fjölskylduþjónustunnar, skv. sérstakri ákvörðun félagsmálastjóra hverju sinni, svo og sjálfstætt starfandi sérfræðinga er taka að sér verkefni fyrir nefndina.

Félagsmálastjóra er heimilt að fela utanaðkomandi sérfræðingum vinnslu mála eftir því sem rúmast innan fjárhagsáætlunar hverju sinni.

Félagsmálastjóri og félagsráðgjafi taka f.h. nefndarinnar við tilkynningum á grundvelli 16. – 19. gr. bvl.

Félagsmálastjóri getur tekið ákvörðun um að hefja könnun máls og að mál skuli unnið áfram skv. ákvæðum bvl., svo fremi sem mál er unnið í samvinnu við málsaðila og með þeim fyrirvörum sem settir eru í 3. gr. þessara reglna.

Ef vinda þarf bráðan bug að ráðstöfun sem heyrir undir barnaverndarnefnd geta félagsmálastjóri eða félagsráðgjafi framkvæmt hana, án undangenginnar málsmeðferðar skv. VIII. kafla, sbr. 31. gr. bvl. Ávallt skal þó leitast við að hafa samráð við formann barnaverndarnefndar ef unnt er.

Félagsmálastjóri ber ábyrgð á að skráning og meðferð persónuupplýsinga í tengslum við barnaverndarmál sé í samræmi við VIII. kafla reglugerðar nr. 56/2004 um málsmeðferð fyrir barnaverndarnefnd.

3. gr.

Barnaverndarnefnd framselur hvorki til starfsmanna vald til að kveða upp úrskurði samkvæmt barnaverndarlögum né ákvarðanir um málshöfðun skv. 28. og 29. gr. bvl., né heldur ákvörðun um að krefjast brottvikningar heimilismanns eða nálgunarbanns skv. 37. gr. bvl. Ber starfsmönnum í framangreindum tilvikum að leggja mál fyrir barnaverndarnefnd.

Jafnframt skulu starfsmenn ávallt leggja mál fyrir barnaverndarnefnd í eftirtöldum tilvikum:

- þegar ekki tekst samvinna um gerð áætlunar um stuðningsaðgerðir
- þegar samvinna um framkvæmd áætlunar skv. 23. gr. bvl. gengur ekki eftir
- þegar stuðningur felst í því að barn fari í fóstur skv. a lið 25. gr. bvl. og XII. kafla bvl.
- þegar forsjáraðili barns eða barnið sjálft óskar eftir því
- þegar félagsmálastjóri telur ástæðu til að leggja mál sérstaklega fyrir barnaverndarnefnd, t.d. vegna alvarleika málsins
- þegar um er að ræða umsagnir eða leyfisveitingar á grundvelli barnaverndarlaga

Félagsmálastjóri skal reglulega og eigi sjaldnar en tvisvar á ári leggja fram fyrir barnaverndarnefnd yfirlit yfir fjölda og eðli tilkynninga, fjölda og stöðu mála í vinnslu og aðrar tölulegar upplýsingar sem nefndin óskar eftir. Félagsmálastjóri og formaður Barnaverndarnefndar skulu hafa reglulegt og náið samráð um stöðu barnaverndarmála á starfssvæði nefndarinnar.

4. gr.

Mál skal ætíð lagt fyrir barnaverndarnefnd með skriflegri greinargerð.

Starfsmenn skulu kynna foreldrum/for sjáraðilum barns fyrirfram að mál þess verði lagt fyrir nefndina.

Starfsmenn skulu kynna aðilum greinargerð og önnur gögn málsins, að svo miklu leyti sem það er ekki talið andstætt hagsmunum barns.

Barnaverndarnefnd skal greint frá því ef aðilum máls hefur verið meinaður aðgangur að gögnum og hefur nefndin endanlegt úrskurðarvald þar að lútandi.

Gögn er liggja til grundvallar ákvörðunum barnaverndarnefndar skulu afhent málsaðilum óski þeir þess nema nefndin hafi úrskurðað annað, sbr. 45. gr. bvl.

5. gr.

Starfsmenn annast könnun máls og gera skriflega greinargerð í forsjár, umgengnis- og ætleiðingarmálum þegar beiðni frá dómsmálaráðuneyti, dómara eða sýslumanni berast um umsögn barnaverndarnefndar vegna slíkra mála. Skrifleg greinargerð starfsmanna er lögð fyrir barnaverndarnefnd sem gefur umsögn sína. Nefndin gefur málsaðilum kost á að mæta á fund nefndarinnar.

6. gr.

Starfsmenn skulu vekja athygli málsaðila á rétti þeirra til að mæta á fund barnaverndarnefndar og tjá sig munnlega eða skriflega, þar með talið með aðstoð lögmanns, um efni máls og annað sem lýtur að málsmeðferðinni áður en barnaverndarnefnd kveður upp úrskurð eða veitir umsögn sína.

Starfsmenn skulu ennfremur vekja athygli aðila á rétti til aðstoðar lögmanns og kynna möguleika á því að fá fjárhagsaðstoð í því skyni sbr. 47. gr. bvl. og reglum sveitarfélaganna þar um.

7. gr.

Starfsmenn og meðlimir Barnaverndarnefndar skulu afla sér þekkingar á sviði barnaverndar og fylgjast með faglegri þróun málaflokksins eftir því sem kostur er, og leggja áherslu á að vinna skv. meginreglum barnaverndar, sbr. 4. gr. bvl.

Þeir skulu leggja sig sérstaklega eftir því að ákvarðanir og framkvæmd þeirra taki mið af þekkingu á þörfum og hagsmunum þess barns sem í hlut á hverju sinni.

Samþykkt á fundi Barnaverndarnefndar Skagafjarðar 31. janúar 2008, yfirfari ð og staðfest á fundi 22. mars 2009 og sent til sveitarstjórna Akrahrepps og Sveitarfélagsins Skagafjarðar til endanlegrar ákvörðunar.